

Vorfundur og aðalfundur Delta deildar starfsárið 2015-2016 var haldinn fimmtudaginn 19. maí 2016 í leikskólanum Gardæsi á Akranesi.

Fundur hófst kl. 18 með því að Theodóra formaður setti fundinn og kveikti á kertunum.

Fyrst á dagskrá var erindi um „Fjölmenningarlegt skólastarf í leikskólanum Vallarseli-málorvun tvítýngdra barna. Guðrún og Vilborg leikskólakennarar á leikskólanum Vallarseli sögðu okkur frá sínu þróunarverkefni sem fékk styrk úr Þróunarsjóði Akraneskaupstaðar. Þær sögðu að styrkinn hefði gefið þeim tækifæri til að móta vefræri til að efla enn frekar starfs hætti í leikskólanum Vallarseli er snúa að málþökur tvítýndra barna og fjölmenningarlegu skólastarfi. En undanfarin ár hefur orðið gífuleg fjölgun á erlendum börnum í Vallarseli. Theodóra þakkaði Guðrún og Vilborgu kærlega fyrir og færði þeim rósir í þakklætisskyni fyrir fræðandi fyrirlestur.

Að því loknu fór Theodóra yfir mætingar og flutti kvæður frá fjarstöddum félagskonum og bauð gest fundarins, Kristrúnu Sigurbjörnsdóttur velkoma. (er þetta rétt munað hjá mér).

Ritari las því næst fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt með smávægilegri breytingu.

Mér er eftir í huga eða Orð til umhugsunar flutti Soffía að þessu sinni. Hún sagði okkur skemmtilega sögu af sér sem fjallaði um það, að þó svo að hún væri hætt að vinna væri samt alltaf nóg að gera“. Soffía flutti nýverið í Gardabæinn með sínum manni eftir margra áratuga búsetu á Akranesi. Soffía ræddi meðal annars um það að gott væri að muna eftir því að vera þakklátur fyrir það sem maður hefur og fær að nota, heilsa og vellíðan skipta máli og eitt það mikilvægasta er að skapa sér sjálfur skemmtileg augnarblik.

Því næst flutti Theodóra skýrslu formans starfsárin 2014-2016 , þakkaði hún fyrir gott samstarf og var sýrslan samþykkt og ársreikningurinn sem Sóley gjalddkeri lagði fram.

Stjórnarskipi: Theodóra Þorsteinsdóttir, formaður og Dagný Emilsdóttir, varaformaður gengur úr stjórninni. Uppstillingargarnefnd leggur til að nýja stjórn til næstu tveggja ára 2016-2018, skipi: Guðlaug Sverrisdóttir formaður, Sjöfn Guðlaug Vilhjálmsdóttir varaformaður, Asta Egilsdóttir ritari , Inga Stefánsdóttir meðstjórandi og Sóley Sigurbjörnsdóttir gjalddkeri. Ný stjórn samþykkt einróma með lófaklappi.

Undir liðnum önnur mál voru konur hvattar til að senda inn tillögu í hvaða aðjöðlegum nefnum þær vilja starfa í.

Því næst var matur á borð borinn, Gulla nýkjörin formaður sá að þessu sinni um veitingarnar og voru þær ekki af verri endanum, kjúklingarétur og marengsterta í eftirrétt.

Happdrættið var á sínum stað og hreppi **Jensína** vinninginn að þessu sinni?**(eithvað óskýrt skráð hjá mér)**

Sungum í lokin vorlagði, Vorvinda glaðir.....

Theodóra fráfarandi formaður óskaði nýrri stjórn velfarnaðar og sleit fundi kl. 20.40.

Fundargerð ritað Sjöfn.